

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og -eyðingar, sbr. samþykkt nr. 433/2012 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokka eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

|                  | Heimili | Frístundahús | Lögbýli *** | Fyrirtæki |
|------------------|---------|--------------|-------------|-----------|
| Grunngjald kr. * | 16.075  | 11.465       | 6.894       | 14.066    |
| Ílátajald kr. ** | 19.867  |              |             |           |
| Samtals kr.      | 35.942  | 11.465       | 6.894       | 14.066    |

\* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\* Ílátajald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\* Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 13. desember 2013, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2014 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 176/2013.

*Hellu, 6. mars 2014.*

**Drífa Hjartardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2014